



Alþjóðlegur bakgrunnur, skólasókn og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum 2001-2021

Ólöf Garðarsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir og Guðjón Hauksson

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Jón Torfi Jónasson hefur á ferli sínum dregið fram hið lítt öfundsverða hlutskipti íslenskra framhaldsskólanema sem birtist í miklu brotthvarfi þeirra frá námi. Í þessari rannsókn er sjónum beint að framhaldsskólasókn, þar sem kannaðar eru líkur á því að nemendur hefji nám að loknum grunnskóla og er þeim svo fylgt til 22 ára aldurs. Markmiðið er að bera saman framhaldsskólasókn fjögurra árganga (1985–88) sem luku grunnskóla við upphaf 21. aldar og fjögurra árganga (1995–98) sem luku grunnskóla tíu árum síðar. Könnuð er framhaldsskólasókn eftir uppruna nemenda, þ.e. hvort þeir hafa innlandan eða alþjóðlegan bakgrunn og eftir kyni. Byggt er á gögnum frá Hagstofu Íslands úr gagnagrunnum um mannfjölda, prófaskrá og nemendaskrá. Svipmót íslensks samfélags hefur tekið miklum breytingum á þessum tíma og er nú mun alþjóðlegra en það var við upphaf aldarinnar. Innflytjendum og ungmennum með alþjóðlegan bakgrunn hefur þannig fjölgað í íslenskum skólum og er verulegur munur milli hópanna sem hér eru til skoðunar. Af þessum ástæðum er mikilvægt og gagnlegt að fylgjast með þróun skólasóknar hjá þessum hópi ungmenna. Þegar litið er til alls hópsins hefur dregið talsvert úr brotthvarfi frá námi milli eldri og yngri fæðingarárganganna. Fleiri ungmenni í yngri fæðingarágöngunum en þeim eldri hefja þannig nám í framhaldsskóla og fleiri ljúka því fyrir 22 ára aldur. Þetta á bæði við um íslenska nemendur og ungmenni með alþjóðlegan bakgrunn. Líkur á því að þau sem fædd eru erlendis hefji nám í framhaldsskóla aukast á milli fæðingarárganganna og hlutfallslega fleiri ljúka nú framhaldsskólanámi en áður var. Áfram er hlutfall nema með alþjóðlegan bakgrunn sem ekki ljúka námi fyrir 22 ára aldur hátt. Í báðum hópunum hafa þannig meira en helmingur karla í hópi innflytjenda horfið frá námi fyrir 22 ára aldur. Brotthvarf karla frá námi er áberandi meira en meðal kvenna hvort sem litið er til fólks með innlandan eða alþjóðlegan bakgrunn.

Efnisorð: Skólasókn, brotthvarf, framhaldsskóli, alþjóðlegur bakgrunnur

Inngangur

Eftir Jón Torfa Jónasson liggja fjölmörg rit um þróun menntakerfa og hefur hann látið sig varða öll skólastig í þeim skrifum. Sjálfur hefur hann þó nefnt að hann hafi sýnt framhaldsskólastiginu meiri athygli en öðrum skólastigum. Þannig hefur hann ritað um þróun framhaldsskólastigsins, starfsmenntun, stöðu lýðskóla og innviði kerfisins. Hann hefur ásamt Kristjönu Stellu Blöndal fjallað um námsferil og brotthvarf úr framhaldsskólum (sjá t.d. Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2011). Þar leitast þau við að greina mögulegar ástæður þess að brotthvarf hefur verið meira hér á landi en í flestum öðrum OECD-löndum.

Í þessari grein fetum við í fótspor Jóns Torfa og skoðum skólasókn og brotthvarf úr framhaldsskóla eftir kyni og því hvort bakgrunnur nemenda er íslenskur eða erlendur. Fyrir rétt rúmum áratug birtist grein

eftir þau Ólöfu Garðarsdóttur og Guðjón Hauksson (2011) þar sem skoðuð var framhaldsskólasókn allra þeirra sem fæddir voru árin 1985–88 og bjuggu á Íslandi við lok grunnskóla. Niðurstöður þeirra voru í takti við niðurstöður Kristjönu Stellu og Jóns Torfa um að brotthvarf hér landi væri meira en víða annars staðar, einkum meðal drengja. Þá kom fram að einungis fámennur hópur innflytjenda hafði verið hér á grunnskólaaldri. Staða þeirra var slæm og höfðu einungis 60% allra karla í hópi innflytjenda, sem bjuggu hér við lok grunnskóla, ekki lokið námi á framhaldskólastigi við 22 ára aldur. Þetta var nærri helmingi herra hlutfall en meðal íslenskra jafnaldra þeirra.

Á þeim áratug sem liðinn er frá því að grein Ólafar og Guðjóns kom út hafa orðið verulegar breytingar á samsetningu íslensku þjóðarinnar. Nú eru umtalsvert fleiri nemendur með erlendan bakgrunn á öllum skólastigum og önnur kynslóð innflytjenda er ört stækkandi hópur (Hagstofa Íslands, 2021a). Skólasókn nemenda af erlendum uppruna í framhaldsskóla hefur hlotið meiri athygli og upplýsingar um stöðu þeirra orðnar aðgengilegri en áður var (Hagstofa Íslands, e.d.; Þóra Þórðardóttir, 2020). Brýnt er að fylgjast vel með þróun í skólasókn hjá þessum hópi ungmenna í ljósi þeirrar miklu fjölgunar nemenda með alþjóðlegan bakgrunn sem orðið hefur á undanförunum árum í grunn- og framhaldsskólum landsins. Í þessari grein verða fjórir árgangar nemenda sem hófu framhaldsskólanám í kringum aldamótin 2000 til umfjöllunar og aðrir fjórir sem hófu framhaldsskólanám tíu árum síðar. Á þessum tíma margfaldaðist hlutur fólks með alþjóðlegan bakgrunn hér á landi. Fyrri hópurinn er sá hópur sem rannsókn Ólafar og Guðjóns (ungmenni fædd 1985–88) beindist að og sá seinni tíu árum yngri (fædd á árunum 1995–1998). Hér verða þannig til umfjöllunar allir þeir einstaklingar sem luku grunnskólanámi á árunum 2001–2004 og svo til samanburðar þeir einstaklingar sem luku grunnskólanámi tíu árum síðar, 2011–2014. Þessum einstaklingum er fylgt eftir þar til þeir ná 22 ára aldri. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja skólasókn og brotthvarf úr framhaldsskóla eftir kyni og uppruna. Þannig verður kannað hvaða áhrif alþjóðlegur bakgrunnur nemenda hafði á skólasókn þeirra. Í greininni er unnið með flokkuð gögn frá Hagstofu Íslands úr mannfjölda- og skólamálagrunnum stofnunarinnar. Í gögnunum eru upplýsingar um skólasókn og próf úr framhaldsskóla einstakra árganga eftir kyni, aldri og uppruna (sjá umfjöllun um flokkunarkerfi Hagstofunnar hér fyrir neðan). Við beinum sjónum okkar að fjölgun einstaklinga með alþjóðlegan bakgrunn á Íslandi. Hefur bakgrunnur fólks áhrif á það hvort það hefur nám í framhaldsskóla og er munur á brotthvarfshlutfalli og líkum þess að fólk ljúki námi úr framhaldsskóla eftir því hver uppruni þess er? Hvaða áhrif hefur komuár til landsins á líkur þess að fólk sem fætt er erlendis ljúki framhaldsskólanámi?

Á faraldsfæti. Innflytjendur á Íslandi og flutningar Íslendinga til útlanda

Íslenskt samfélag var lengi vel afar einsleitt. Fram yfir aldamótin 2000 var hlutfall innflytjenda þannig mun minni hér á landi en í nágrannalöndum og samsetning hópsins önnur. Á eftirstriðsárunum, einkum á 6. og 7. áratugnum, var eftirspurn eftir vinnuafli mikil í flestum löndum í norðan og vestanverðri Evrópu og svokallað farandverkafólk frá Suður-Evrópu, Júgóslavíu, Tyrklandi og löndum utan Evrópu, fjölmennt (Castles, 2006; Oltmer, 2012; Steinert, 2014).

Hér á landi var hlutfall farandverkafólks lítið á þensluárunum á 5. og framan af 6. áratugnum þótt nokkuð væri um að fiskverkunarfólk kæmi hingað tímabundið m.a. frá Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Flutningar Íslendinga til útlanda hafa aftur á móti verið umfangsmiklir allt frá lokum 7. áratugarins. Með hruni síldarstofnsins 1967 og því atvinnuleysi sem fylgdi í kjölfarið fluttist þannig fjöldi Íslendinga af landi brott, framan af einkum til Danmerkur og Svíþjóðar en einnig fór nokkuð stór hópur til Ástralíu. Allt frá þessum tíma hefur brottflutningstíðni meðal Íslendinga til útlanda verið há. Þannig eru Íslendingar á bilinu 3–5 sinnum líklegri til að flytjast búferlum til útlanda en ríkisborgarar hinna Norðurlandanna (Ólöf Garðarsdóttir, 2012; Unnur Dís Skaptadóttir og Ólöf Garðarsdóttir, 2020). Aukin sókn í háskólanám til útlanda og hagstæður samningur milli Norðurlandanna um réttindi til vinnu, náms og félagslegrar þjónustu hafði sitt að segja um umfang flutninga Íslendinga til Norðurlandanna. Annað einkenni á flutningum Íslendinga til útlanda er hátt endurkomuhlutfall en undanfarna áratugi hefur ríflega 70% þeirra sem flytjast til útlanda snúið

aftur innan sjö ára (Ólöf Garðarsdóttir, 2012; Ómar Harðarson, 2010).

Aðild Íslands að EES-samningnum upp úr 1990 og aukin eftirspurn eftir vinnuafli hefur haft í för með sér mikla fjölgun innflytjenda hér á landi. Um 1990 var leitun að þeim löndum í norðan- og vestanverðri Evrópu þar sem innflytjendur voru jafn fáir og á Íslandi. Nú eru innflytjendur hér á landi hins vegar fleiri en í flestum öðrum Evrópulöndum. Allt frá lokum 20. aldarinnar hafa Pólverjar verið fjölmennasti hópur innflytjenda hér á landi en drjúgur hluti innflytjenda kemur einnig frá öðrum löndum í Austur-Evrópu.

Framan af voru langflestir innflytjendur hér á landi á vinnualdri og barnafólk fátt. Slíkir vinnutengdir flutningar voru einkar áberandi á þensluárunum í aðdraganda bankahrunsins 2008 og svo aftur með eflingu ferðapjónustunnar eftir 2012 (Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2021; Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2016). Þótt enn sé stærstur hluti innflytjenda á vinnualdri hefur á undanförunum árum orðið hlutfallslega mikil fjölgun í hópi barna og ungmenna með alþjóðlegan bakgrunn.

Í *Töflu 1* er íbúum skipt í sex flokka eftir bakgrunni þeirra. Stuðst er við flokkunarkerfi Hagstofunnar en flokkunarkerfið lítur algjörlega fram hjá ríkisfangi einstaklinga en byggir á fæðingarstað einstaklingsins, fæðingarstað foreldra hans og fæðingarstað afa og ömmu. Allir einstaklingar fá þriggja stafa kóða (sem segir til um (1) fæðingarstað einstaklingsins, (2) fæðingarstað foreldra og (3) fæðingarstað afa og ömmu). Heildarfjöldi mögulegra samsetninga er 30 en Hagstofan hefur líkt og systurstofnanir annars staðar á Norðurlöndum, skilgreint sex grunnflokka (Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2009). Flokkunarkerfið er vissulega ekki hafið yfir gagnrýni enda fleiri leiðir til að fjalla um samfélag sem sett er saman af einstaklingum með margbreytilegan bakgrunn. Tilgangur þess að fjalla um fjölbreyttan bakgrunn með þessum hætti er að draga fram hverjir geta átt erfiðara uppráttar í framhaldsskólanum. Flokkunum sex er lýst í *Töflu 1*.

Tafla 1. Flokkunarkerfi Hagstofu Íslands um bakgrunn

Kóði	Flokkur	Skýring
000	Einstaklingar sem hafa engan erlendan bakgrunn	Þetta er fólk sem fætt er hér á landi, bæði foreldri fædd hér á landi sem og afar og ömmur. Til hagræðingar kallaðir Íslendingar í umfjöllun hér á eftir
100	Einstaklingar sem hafa ekki erlendan bakgrunn en eru fæddir erlendis	Fólk fætt erlendis en bæði foreldri, sem og afar og ömmur fædd á Íslandi. Til hagræðingar kallaðir Íslendingar fæddir erlendis.
012	Einstaklingar sem eru fæddir á Íslandi en annað foreldrið erlent	Annað foreldri er fætt erlendis með erlendan bakgrunn (s.s. afar og ömmur eins foreldris fædd erlendis)
112	Einstaklingar sem fæddir eru erlendis og annað foreldri erlent	Annað foreldri er fætt erlendis með erlendan bakgrunn (s.s. afar og ömmur eins foreldris fædd erlendis)
124	Innflytjandi	Fólk fætt erlendis og sömuleiðis foreldrar þeirra og afar og ömmur
024	Önnur kynslóð innflytjenda	Börn innflytjenda sem fædd eru hér á landi

Heimild: Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson og Helga Katrín Tryggvadóttir, 2009

Lítum fyrst á þá breytingu sem orðið hefur á samsetningu mannfjöldans á Íslandi frá upphafi aldarinnar. Tafla 2 sýnir hlutfall íbúa eftir þeim flokkum sem greint er frá hér að ofan árin 2001, 2011 og 2021. Á þessum 20 árum hefur hlutfall íbúa með alþjóðlegan bakgrunn margfaldast. Mest er fjölgunin meðal innflytjenda og afkomenda þeirra. Innflytjendur töldu þannig einvörðungu 3,6%

Íbúa en árið 2021 voru 15,5% íslensku þjóðarinnar innflytjendur. Þegar litið er til þjóðarinnar í heild eru aðrir hópar mun minni. Þótt annarrar kynslóðar innflytjendum hafi fjölgað hlutfallslega meira en öðrum hópum eru þeir ekki nema 1,7% íbúa árið 2021. Fjölgun fólks sem á eitt íslenskt foreldri er mun hægari og hið sama má segja um Íslendinga sem fæddir eru erlendis.


Tafla 2. Íbúar eftir uppruna 1. janúar 2001, 2011, 2021

	2001	2011	2021
	%	%	%
Enginn erlendur bakgrunnur	92,9	86,7	77,5
Fædd á Íslandi	91,4	85,0	75,7
Fædd erlendis, báðir for. af ísl. uppruna	1,5	1,7	1,8
Innflytjendur og afkomendur þeirra	3,8	8,9	17,2
Innflytjendur	3,6	8,1	15,5
Önnur kynslóð innflytjenda	0,2	0,8	1,7
Fólk af blönduðum uppruna	3,3	4,4	5,3
Fædd á Íslandi, annað for. Erlent	2,4	3,3	3,9
Fædd erlendis, annað for. Erlent	0,9	1,1	1,4

Heimild: Hagstofa Íslands, 2021c

Hátt hlutfall innflytjenda samanborið við annarrar kynslóðar innflytjendur og fólk af blönduðum uppruna stafar einkum af því hve stutt er síðan Ísland varð eftirsóknarverður áfangastaður fyrir fólk í atvinnuleit. Sem fyrr segir eru þannig langflestir innflytjendur á Íslandi á vinnualdri. Svipmót íslensku þjóðarinnar hefur þó tekið hröðum breytingum á undanförunum árum sem birtist ekki hvað síst í fjölgun barna og ungmenna með alþjóðlegan bakgrunn. Þetta sést glöggt á *Mynd 1a-b* en þar er sýnt hlutfall barna, ungmenna og ungra fullorðinna með alþjóðlegan bakgrunn árin 2001 og 2021. Hér er þannig um að ræða flokka 2–6 (sjá) hér fyrir ofan og er flokkum 3 og 4 slegið saman, þ.e. þeir sem eiga eitt íslenskt foreldri og eitt erlent og eru ýmist fæddir hér á landi eða erlendis.

Tiltölulega lítil breyting hefur orðið á hlutfalli Íslendinga sem fæddir eru erlendis. Hér er vert að hnykkja á því að mun fleiri íslensk ungmenni (þ.e. þau sem eiga foreldra sem bæði eru fædd á Íslandi) hafa reynslu af því að búa erlendis en þau sem fæðast erlendis. Sá hópur er þó ekki til skoðunar hér. Í öllum hópunum sem sýndir eru í *Mynd 1a-b*, utan Íslendinga sem fæddir eru erlendis, hefur fjölgað verulega á milli 2001 og 2021.



Mynd 1a-b. Fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjendur, fólk með blandaðan bakgrunn og Íslendingar fæddir erlendis 0–29 ára 2001 og 2021 (Hagstofa Íslands, 2021b).

Hverfandi fá börn og ungmenni voru þannig í hópi innflytjenda og annarrar kynslóðar innflytjenda 2001. Flestir annarrar kynslóðar innflytjendur í hópi yngstu barnanna, 1,1% voru meðal 0–4 ára. Árið 2021 var þetta hlutfall meira ein tífalt hærra 10,8%. Nær engin ungmenni af annarri kynslóð

voru hér 2001 en í dag tilheyra 2,2% íbúa 15–19 ára annarri kynslóð innflytjenda. Að sama skapi hefur innflytjendum fjölgað umtalsvert meðal barna og ungmenna, 6,9% aldurshópsins 15–19 ára teljast þannig innflytjendur 2021 samanborið við 1,7% fyrir 20 árum.

Þótt fólki með alþjóðlegan bakgrunn hafi fjölgað mjög mikið hér á landi á undanförunum árum ber aldurssamsetning hópsins þess þó enn merki hversu ungt innflytjendalandið Ísland er en myndin sýnir einnig glögg tve háð innflytjendum íslenskt atvinnulíf er. Fimmtungur einstaklinga á aldrinum 20–24 ára eru þannig innflytjendur og þriðjungur 25–29 ára. Hversu mikil áhrif þetta háa hlutfall innflytjenda meðal ungra fullorðinna innflytjenda kemur til með að hafa á hlut nemenda með alþjóðlegan bakgrunn á komandi árum er erfitt að segja en ljóst má vera að svipmót nemendahópa í grunn- og framhaldsskólum verður á komandi árum talsvert alþjóðlegra en það er í dag.

Skólasókn og brotthvarf frá námi


Velfarnaður og árangur í námi er háður ýmsum samverkandi þáttum, svo sem skólanum sem stofnun, nemandanum sjálfum, aðstæðum í samfélagi eða félagslegum aðstæðum nemandans. Til að nefna dæmi um slíka þætti getur mikil eftirspurn eftir vinnuafli laðað ungt fólk úr námi og á vinnu-markað. Þá hefur samfélagslega jákvæðari sýn á bóknám en verknám í einhverjum tilfellum leitt til þess að nemendur sem myndu frekar blómstra í verknámi hefja til að byrja með nám í bóknámsskóla. Skuldbinding nemenda til náms og fyrri árangur í námi eru þeir einstaklingsþættir sem taldir eru ráða mestu um skólasókn (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2011). Í skýrslu þeirra Kolbeins Hólmars Stefánssonar og Helga Eiríks Eyjólfssonar (2022) er brotthvarf úr framhaldsskóla kannað í tengslum við félagslega og efnahagslega stöðu. Sú greining sýnir að minni menntun foreldra eykur líkur á að ungmenni ljúki ekki námi í framhaldsskóla og skiptir meira máli en tekjur á heimilinu sem þó tengjast einnig brotthvarfi. Nemendur sem búa hjá einstæðu foreldri, hjá foreldri með örorkumat og nemendur með innflytjendabakgrunn eru einnig líklegri til að hverfa brott frá námi án þess að ljúka því. Þá sýnir ný íslensk rannsókn að nemendur sem fóru í verknám fundu til meiri tilgangs með námi sínu og sjálfsmat þeirra í námi jókst eftir því sem leið á námið á meðan úr því dró í bóknámsskólum (Heiður Hrunn Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2022).

Í Hvítbók um umbætur í menntun frá 2014 voru sett fram tvö meginmarkmið. Annað þeirra var að árið 2018 myndu 60% nemenda hafa lokið námi úr framhaldsskóla á skilgreindum námstíma sem miðaðist að jafnaði við fjögur ár. Samkvæmt skýrslunni var staðan þannig árið 2011 að 44% nemenda náðu þessu markmiði (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Fram kemur í tölum Hagstofu Íslands (2020a) að árið 2018 höfðu 56% nýnema sem hófu nám 2014 brautskráðst að fjórum árum loknum en 19% voru enn við nám á framhaldsskólástigi.

Svonefnt árgangsbrotthvarf er mælt með því að fylgja eftir nýnemum í dagskóla að hausti og er þá tekin staða eftir tiltekinn árafjölda. Árgangsbrotthvarf hefur minnkað síðustu árin líkt og sést í ofangreindum samanburði árána 2011 og 2018. Sú þróun virðist halda áfram því ári síðar, árið 2019, höfðu 60% þeirra sem hófu nám árið 2015 lokið námi (Hagstofa Íslands, 2020b). Meðal þeirra sem hófu nám 2012 höfðu 66% lokið því 2019 (Hagstofa Íslands, e.d.). Til samanburðar má svo geta þess að í rannsókn þeirra Kristjönu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónassonar (2003) höfðu 60% fæðingar-árgangsins 1975, sem hófu framhaldsskólanám, lokið því við 24 ára aldur. Áhugavert verður að fylgjast með brautskráningum á næstu árum og hvort brotthvarf heldur áfram að minnka líkt og vonast var til að yrði raunin í kjölfar aðgerða í þá veru. Stutt er liðið frá því að námstími til stúdentsprófs var stytur. Sú aðgerð verður metin með tilliti til brotthvarfs en í skýrslu mennta- og menningarráðherra um árangur og áhrif aðgerðarinnar sem lögð var fyrir á 150. löggjafarþingi 2019–2020 kom fram að árlegt brotthvarf nýnema hafi minnkað um 0,5 prósentustig sé tekið mið af brotthvarfstölum fyrir og eftir breytinguna (þingskjal nr. 1491/2019–2020).

Sjónum hefur ekki síst verið beint að brotthvarfi íslenskra framhaldsskólanema vegna þess hve mikið það hefur reynst í samanburði við önnur Evrópulönd. Þegar teknar eru saman tölur yfir brotthvarf frá námi miðar Evrópuhagstofan við einstaklinga sem hverfa frá námi fyrir 25 ára aldur án þess að ljúka prófi (e. early school leavers) (Eurostat, 2022). *Mynd 2* sýnir hlut „early school leavers“ eftir kyni

Í nokkrum Evrópuríkjum en nokkur munur reynist á skólasókn kynjanna. Um er að ræða tölur úr úrtakskönnunum því ekki sambærilegar við annars konar mælingar á brotthvarfi sem grundvallast á einstaklingsgögnum úr stjórnsýsluskrám.



Mynd 2. „Early school leavers“ eftir kyni í nokkrum ríkjum Evrópu 2020 (Eurostat, 2022).

Líkt og *Mynd 2* ber með sér er hlutfall brotthvarfsnemenda hærra hér en í nágrannalöndunum en hlutur þeirra er áþekkur því sem við sjáum t.d. á Spáni og á Ítalíu. Brotthvarf hér hefur þó minnkað samanborið við fyrri ár. Í samantektinni frá 2011 töldust tæplega 20% íslenskra ungmenna hafa horfið frá námi fyrir 25 ára aldur en árið 2020 var hlutfall þeirra sem höfðu horfið frá námi fyrir 25 ára aldur 15%. Reyndar sker árið 2020 sig úr því árin á undan var hlutfall íslenskra ungmenna sem horfið höfðu brott frá námi um 18–20% (Eurostat, 2022). Í nær öllum löndunum er brotthvarf meðal karla umtalsvert meira en meðal kvenna.

Skólasókn og brotthvarf nemenda af erlendum uppruna

Erlendar samburðarskýrslur á vegum Eurostat (2021) sýna að nemendur sem hafa annan ríkisborgararétt en evrópskan eru umtalsvert líklegri til að hverfa frá námi en fólk með ríkisborgararétt innan sambandsins. Sem dæmi má nefna að hlutfall þeirra sem hurfu frá námi og eru búsettir í sama landi Evrópusambandsins og þeir eru með ríkisfang í er 8% 2020, 23% meðal þeirra sem fæddir voru utan landa Evrópusambandsins og tæplega 20% meðal evrópskra borgara sem bjuggu utan þess lands sem þeir voru með ríkisfang í. Þrátt fyrir að brotthvarf hafi almennt dregist saman á svæðinu á tímabilinu 2010–2020 óháð uppruna reyndist það ekki alltaf raunin meðal nemenda sem fæddir voru utan svæðisins eða höfðu annan ríkisborgararétt en evrópskan og jókst jafnvel sum árin.

Ríflega þriðjungur innflytjenda á Íslandi sem hófu nám í framhaldsskóla 2014 hafði lokið náminu 2018 (Hagstofa Íslands, 2020a). Þetta hlutfall var 36% árið 2019 eða 24 prósentustigum lægra en meðal nemenda af íslenskum uppruna. Félagsvísar Hagstofu Íslands frá 2019 sýna glögggt að bæði hefja hlutfallslega færri nemendur af erlendum uppruna nám í framhaldsskóla við 16 ára aldurinn en skólafélagar þeirra og er tekið dæmi um árgang sem hefur nám haustið 2017. Það haust hófu 96% árgangsins af íslenskum uppruna framhaldsskólanám en 81% af erlendum uppruna. Á 19. aldursári voru 69% fyrrnefnda hópsins enn við nám en 24% þeirra sem höfðu erlendan uppruna. Munurinn er sláandi en mögulegt er að einhver hluti erlenda hópsins stundi styttra nám og hafi því lokið því á 19. aldursári. Skólasókn og brotthvarf frá námi í framhaldsskóla segja þó ekki alla söguna um stöðu þessa hóps því að í þessum tölum frá Hagstofu Íslands er ekki tekið saman hversu hátt hlutfall nemenda af erlendum uppruna skráir sig í framhaldsskóla að loknum grunnskóla. Þarna vantar s.s. þá sem ekki hefja nám í framhaldsskóla.

Í skýrslu Menntamálastofnunar eru brautskráningar eftir bakgrunni teknar saman fyrir árin 2015–2018 og þar kemur fram að hlutfall þeirra sem brautskrást hækkar almennt nokkuð. Hlutfallið

er lægst meðal hóps innflytjenda en hærra hjá annarri kynslóð innflytjenda og hjá þeim sem eru annaðhvort fæddir á Íslandi eða erlendis og eiga annað erlent foreldri. Sveiflur milli ára eru algengari en hjá hópi nemenda af íslenskum uppruna. Þannig lækkar hlutfall brautskráðra árið 2017 frá árinu á undan meðal innflytjenda og þeirra sem fæddir eru á Íslandi eða erlendis og áttu annað erlent foreldri (Þóra Þórðardóttir, 2020).

Flytja seint og gjalda fyrir það

Námsframvinda innflytjenda og annarrar kynslóðar innflytjenda eftir komuári og því hvort ungmenni eru fædd á Íslandi eða flytja síðar hafa hlotið nokkra athygli og skoðun. Nýlegar tölur benda til þess að innflytjendur sem fluttu til landsins fyrir sjö ára aldur standi best að vígi, en 58% þeirra hafði lokið framhaldsskóla að fjórum árum liðnum. Hlutfallið var 50% hjá annarri kynslóð innflytjenda en verst var staðan hjá þeim sem fluttu eftir sjö ára aldurinn og höfðu 32% þeirra lokið náminu fjórum árum eftir upphaf þess (Hagstofa Íslands, 2020b). Þess má geta að langhæsta hlutfall útskrifaðra var meðal þeirra sem fæddir voru erlendis en með íslenskan bakgrunn og höfðu 74% þeirra sem hófu nám 2015 lokið því árið 2019.

Á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD, 2012) er miðað við flutning barna fyrir eða eftir 12 ára aldur við athugun á námsframvindu og námsgengi nemenda. Í skýrslunni voru niðurstöður þær að nemendur sem hófu nám í skólakerfi nýs lands eftir 12 ára voru líklegri til að eiga erfitt uppdráttar í náminu, sér í lagi ef þeir þurftu að læra nýtt tungumál. Niðurstaðan var þó ekki einhlít því nokkru réð úr hvers konar skólakerfi innflytjendur komu. Nemendum sem komu frá landi þar sem skólakerfi var sambærilegt eða betra en í móttökulandinu gekk að jafnaði betur en nemendum sem komu frá landi þar sem skólakerfi var minna þróað.

Hafa skal hugfast að aðlögun í nýju landi er flókin og margþátta. Ekki eingöngu er oft þörf á að læra nýtt tungumál frá grunni heldur tekur ekki síður tíma að ná tökum á síðum og venjum í öðru samfélagi og skólaumhverfi, að tengjast bekkjarfélögum og kennurum. Rannsóknir hérlendis sýna einmitt að staða barna og unglinga af erlendum uppruna að þessu leyti er ekki nægilega góð. Ungmennin lýsa bekkjarbrag með neikvæðari hætti en íslenskir skólafélagar þeirra (Eyrún María Rúnarsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson, 2015), þau hitta vini síður eftir skóla, er frekar strítt og þau skilin útundan (Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2013). Þá lýsa ungmenni af erlendum uppruna því að vera utanveltu og finnast þau öðruvísi en aðrir nemendur (Hermína Gunnþórsdóttir og Lilja Rós Aradóttir, 2021).

Samanburður skólasóknar fæðingarárganga 1985–88 og 1995–98

Í þessari grein er borin saman framhaldsskólasókn tveggja aldurshópa (e. cohort) sem bjuggu hér á landi við lok grunnskóla. Þau sem fluttust til landsins eftir að þau náðu 16 ára aldri eru því ekki með í rannsókninni. Um er að ræða fæðingarárgangana 1985–88 og 1995–98. Byggt er á gögnum frá Hagstofu Íslands og námsframvinda skoðuð eftir bakgrunni nemenda og er þar stuðst við flokkunarkerfi Hagstofunnar (sjá *Töflu 1*). Kannað er hversu hátt hlutfall þessara einstaklinga hóf nám í framhaldsskóla og þeim fylgt til 22 ára aldurs. Athygli beinist að skólasókn hópsins á aldrinum 16–19 ára og var kannað hve stór hluti hvers hóps hafði lokið námi eða var enn við nám við 22 ára aldur. Þá er hópurinn sem hafði ekki lokið námi eða var ekki í skóla 22 ára skoðaður og eins sá hópur sem féll úr þýði vegna flutnings til útlanda. Niðurstöður eru einnig settar fram eftir því hvort um karla eða konur, stráka eða stelpur er að ræða en gögnin buðu ekki upp á að greint væri eftir öðru kyni. Þá er greint frá vísbendingum um námsframvindu eftir því hvenær innflytjendur og einstaklingar með blandaðan bakgrunn fluttu til Íslands.

Gagnasafnið tekur þannig til allra ungmenna í umræddum fæðingarágöngum sem bjuggu hér á landi við lok grunnskóla, þ.e. árið sem þau urðu 16 ára. Alls geymir það rúmlega 35 þúsund einstaklinga (16.685 sem fæddir eru á árunum 1985–88 17.685 sem fæddir eru á árunum 1995–98) (sjá *Töflu 3*). Í greiningu okkar á skólasókn og brautskráningu eru einstaklingar felldir úr gagnasafninu þegar þeir deyjá eða flytjast af landi brott óháð því hvort flutningurinn var tímabundinn, og


viðkomandi hafi flutt aftur til Íslands fyrir 22 ára aldur eður ei. Vera má að hópurinn sem flutti brott og svo aftur til Íslands síðar hafi lokið prófi erlendis sem ekki eru upplýsingar um í gögnum Hagstofu Íslands. Upplýsingar eru sóttar í þrjú gagnasöfn í vörslu Hagstofunnar, þ.e. gagnagrunn um mannfjölda, prófaskrá og nemendaskrá (Hagstofa Íslands, 2021b). Sem fyrr segir er ekki um einstaklingsgögn að ræða heldur byggir greiningin á flokkuðum gögnum sem fékkst við sérvinnslu á skráargögnum Hagstofunnar. Sjónum er hér fyrst beint að fjölda ungmenna í þeim bakgrunnshópum sem rannsóknin beindist að og birtist samanburður á árgöngunum í *Töflu 3*.

Tafla 3. Gagnasafn. Fólk í fæðingarárgöngunum 1985–88 og 1995–98 búsett á Íslandi við lok grunnskóla

	Árgangar 1985–1988		Árgangar 1995–1998	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Alls	16685	100	17685	100
Enginn erlendur bakgrunnur	15484	92,8	15395	87,1
Enginn erlendur bakgrunnur, fædd á Íslandi	14832	88,9	14791	83,6
Enginn erlendur bakgrunnur, fædd í útlöndum	652	3,9	604	3,4
Innflytjendur og afkomendur þeirra	274	1,6	861	4,9
Innflytjandi	258	1,5	777	4,4
Önnur kynslóð innflytjenda	16	0,1	84	0,5
Fólk af blönduðum uppruna	927	5,6	1429	8,1
Fædd á Íslandi, annað foreldri erlent	616	3,7	953	5,4
Fædd erlendis, annað foreldri erlent	311	1,9	476	2,7

Heimild: Hagstofa Íslands, 2021c

Eins og gefur að skilja er mikill munur á samsetningu þýðanna tveggja. Sjá má mikla hlutfallslega fjölgun innflytjenda og afkomenda þeirra en þó er hópur annarrar kynslóðar innflytjenda enn fá-mennur (einungis 84 tilheyrja hópnum í yngri þýðinu og 16 í því eldra) og ber að hafa það í huga við túlkun niðurstaðna um þann hóp. Nokkur fjölgun hefur orðið meðal ungmenna með blandaðan uppruna en fjöldi í hópnum Íslendingar sem fæddir eru erlendis er stöðugur.



Mynd 3a-b. Hlutfall þeirra sem falla úr þýði (búsettir á Íslandi við lok grunnskóla) vegna flutnings úr landi eftir kyni og bakgrunni (allir hópar utan annarrar kynslóðar) (Hagstofa Íslands, 2021b).


Eins og gefur að skilja féllu fáir úr þýðinu vegna andláts (56 í eldri fæðingarárgöngunum, 47 í þeim yngri). Talsvert hátt hlutfall féll hins vegar úr þýðinu vegna flutnings úr landi frá því að grunnskóla lauk til 22 ára aldurs, þ.e. 6,7% einstaklinga í eldri þýðinu og 7,3% því yngri (í eldri fæðingarárgöngunum falla 475 karlar og 747 konur úr þýðinu við flutning og yngri fæðingarárgöngunum 469

karlar og 713 konur). *Mynd 3a-b* greinir frá þeim sem falla úr þýðinu vegna flutnings eftir kyni og bakgrunni. Vegna þess hve fólk í hópi annarrar kynslóðar innflytjenda er fátt er því sleppt í þessari greiningu.

Áberandi er hversu líklegri er að konur flytji búferlum úr landi en karlar. Þetta gildir um alla hópa óháð bakgrunni og þýði. Konur sem fæddar eru erlendis með íslenskan bakgrunn (bæði eða annað foreldri íslenskt) í yngra þýðinu eru þannig nær helmingi líklegri en karlar í sama hópi að flytjast búferlum á framhaldsskólaaldri. Hið sama á við um ungmenni af blönduðum uppruna sem fædd eru erlendis. Fyrri búseta erlendis virðist þannig hafa áhrif á líkurnar á að flytjast til útlanda eftir að grunnskóla lýkur. Þetta er þó mun meira áberandi í yngra þýðinu en því eldra.

Í eldra þýðinu eru innflytjendur talsvert líklegri en aðrir hópar til að flytjast af landi brott eftir að þeir ljúka grunnskóla, rúmlega 20% karla og kvenna í þessum hópi falla úr þýðinu vegna flutnings úr landi. Í yngra þýðinu er þessu öfugt farið, innflytjendur í þessum hópi eru þannig litlu líklegri til að flytja af landi brott en jafnaldrar þeirra sem fæddir eru hér á landi og hverra báðir foreldrar eru fæddir hér á landi. Sjónum er næst beint að þeim hópi ungmenna sem hófu ekki nám í framhaldsskóla við 16 ára aldurinn og sýnir *Mynd 4a-b* hlutfall þeirra eftir kyni og uppruna.

Á þeim tíu árum sem skilur að hópana tvo varð mikil breyting, hlutur þeirra sem ekki hóf nám í framhaldsskóla er þannig mun minni í yngri árgöngunum en þeim eldri (*Mynd 4a-b*). Mest er breytingin hjá ungmönnum af erlendum uppruna sem hefja frekar nám nú en áður. Þannig hófu 35% stráka í hópi innflytjenda ekki nám í framhaldsskóla í eldri árgöngunum en í yngri hópnum er þetta hlutfall komið niður í 19%. Minni munur kemur fram í yngri árgöngunum á milli þeirra sem hafa alþjóðlegan bakgrunn og íslenskan. Áberandi er að nemendur í yngri árgöngunum sem tilheyra annarri kynslóð eru jafn líkleg til að hefja nám í framhaldsskóla og þau sem hafa engan erlendan



bakgrunn.

Mynd 4a-b. Hlutfall einstaklinga sem hefja ekki nám í framhaldsskóla 16 ára eftir bakgrunni.

Fæðingarárgangar 1985–1988 og 1995–1998 (Hagstofa Íslands, 2021b)

Tafla 4. Hlutfall 16, 17 og 18 ára stráka og stelpna í framhaldsskóla eftir uppruna

	Árgangar 1985–1988			Árgangar 1995–1998		
	16 ára %	17 ára %	18 ára %	16 ára %	17 ára %	18 ára %
Enginn erlendur bakgrunnur						
Strákar	90,8	81,4	69,7	95,6	89,2	79,7
Stelpur	93,4	85,6	78,2	97,2	91,0	85,8
Fædd(ur) erlendis, íslenskur bakgrunnur						
Strákar	91,4	86,0	81,7	95,8	90,2	86,2
Stelpur	95,7	87,2	84,5	92,5	89,4	91,2
Fædd(ur) á Íslandi, annað foreldri erlent						
Strákar	82,9	76,6	68,8	91,7	85,8	74,6
Stelpur	87,6	82,7	77,1	93,7	87,0	82,2
Fædd(ur) erlendis, annað foreldri erlent						
Strákar	75,3	63,9	59,3	83,5	78,9	67,9
Stelpur	75,2	76,5	66,9	89,2	85,6	78,9
Innflytjandi						
Strákar	62,9	57,4	45,2	81,5	75,5	61,0
Stelpur	76,1	71,9	61,7	84,4	80,9	71,4
Önnur kynslóð innflytjenda						
Strákar	85,7	85,7	57,1	97,1	94,3	94,1
Stelpur	88,9	77,8	66,7	95,9	95,8	94,9

Heimild: Hagstofa Íslands, 2021c

Tafla 4 sýnir framhaldsskólasókn eftir aldri. Ánægjulegt er að sjá hversu mikið skólasókn hefur aukist í öllum hópum. Hjá fæðingarágöngunum 1995–98 er þannig nær undantekningalaust hærra hlutfall hópanna í námi en reyndin var hjá árgöngunum 1985–88 og er munurinn verulegur. Munurinn er langmestur meðal ungmenna með alþjóðlegan bakgrunn. Þar munar í sumum tilvikum tugum prósentu milli eldra og yngra þýðis. Þannig voru t.a.m. einvörðungu 57,4% innflytjendastráka í eldra þýðinu í framhaldsskóla árið sem þeir urðu 17 ára en 75,5% í yngra þýðinu. Árið sem þessir sömu strákar urðu 18 ára voru hlutföllin 45,2% í eldra þýðinu en 61% í því yngra.


Líkt og áður var vikið að, var athygli beint að brotthvarfi úr námi og aðgerðum til að stemma stigu við því í Hvítbók um umbætur í menntun frá árinu 2014 og þær aðgerðir virðast hafa skilað þó nokkrum árangri. Á tímabilinu kom stytting framhaldsskólans til framkvæmda og má spyrja hver áhrifin eru af þeirri aðgerð og skólasóknina.

Í fyrri rannsókn á fæðingarágöngunum 1985–88 kom fram að brotthvarf þeirra ungmenna sem fæðst höfðu erlendis en hverra foreldrar voru íslenskir (fæddir á Íslandi með íslenskan bakgrunn) var talsvert minna en meðal íslenskra jafnaldrar þeirra sem fæddir voru á Íslandi. Þetta átti einkum við um strákana (Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson, 2011) samanber myndir 5a, c og e. Þessi munur er ekki jafn afgerandi í tölum um skólasókn yngri árganganna enda hefur skólasókn hjá þeim íslensku nemendum sem fæddir eru á Íslandi aukist). Tafla 4 sýnir þó skýrt að eftir því sem líður á skólagönguna dregur í sundur með hópnum en á nítjándra ári er talsverður munur á milli Íslendinga sem fæddir eru á Íslandi og þeirra sem fæddust í útlöndum hvort sem litið er til eldri eða

yngrri fæðingaráganganna.

Þrátt fyrir að skólasókn aukist í öllum árgöngum, og þar af leiðandi hverfi lægra hlutfall hópsins frá námi, er þó staðan enn verst hjá innflytjendum. Lægra hlutfall þeirra hefur nám strax eftir grunnskóla og þrátt fyrir að veruleg breyting til batnaðar hafi orðið á milli eldra og yngra þýðis helst hlutfall þeirra í skóla lágt samanborið við ungmenni sem ekki hafa alþjóðlegan bakgrunn. Í þeim gögnum sem við vinnum með höfum við ekki getað greint hvaða áhrif þjóðfélagsstaða hefur á framhaldsskólasókn. Vitað er að hátt hlutfall innflytjenda hér á landi starfa í láglau nastörfum (Hagstofa Íslands, 2019). Það má því gera ráð fyrir því að börn innflytjenda raðist í meira mæli neðar í þjóðfélagsstiganum en þau sem ekki hafa neinn alþjóðlegan bakgrunn. Ungmenni með innflytjendabakgrunn búa þannig við margháttaðar áskoranir í námi; námið fer fram á tungumáli sem þau hafa oft og tíðum lítinn grunn í, þau þurfa að takast á við ýmiss konar hefðir sem geta verið ólíkar heimalandinu, kynnast nýjum vinum og fá oft af ýmsum ástæðum ekki þann stuðning og hvatningu að heiman sem styður við þau í námi. Í þessu samhengi er þó athyglisvert að önnur kynslóð innflytjenda stendur betur að vígi, en taka skal þeim tölum með fyrirvara þar sem hópurinn er fámennur. Þá ber að benda á mun á strákum og stelpum en yfirleitt hafa stelpurnar vinninginn þegar kemur að skólasókn.

Lítum nú á tölur um þá sem hafa ekki lokið námi við 22 ára aldur og eru ekki í námi þá. Bent skal á að þær tölur sem hér birtast eru ekki sambærilegar tölum Evrópuhagstofunnar um svokallaða „early school leavers“, þ.e. þá einstaklinga sem hverfa frá námi á framhaldsskólastigi án þess að ljúka prófi (sbr. *Mynd 2*). Hér er miðað við 22 ára í stað 24 ára aldurinn og okkar tölur byggjast á gögnum úr stjórnsýsluskram og ná yfir alla sem hér eru búsettir en ekki úrtakskönnun líkt og notaðar eru við matið hjá Evrópuhagstofunni. *Mynd 5a-b* sýnir hlutföll þeirra sem eru ekki í námi og hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi árið sem þau verða 22 ára eftir bakgrunni.



Mynd 5a-b. „Early school leavers“. Hlutfall þeirra sem hafa ekki lokið prófi og eru ekki í skóla 22 ára (Hagstofa Íslands, 2021b)

Mynd 5a-b sýnir að í öllum bakgrunnshópum er fólk í yngri fæðingarágöngunum (5b) líklegra til að ljúka prófi á framhaldsskólastigi áður en það nær 22 ára aldri en í þeim eldri (5a). Meðal Íslendinga er umtalsverður munur milli þeirra sem fæðast á Íslandi og þeirra sem fæðast erlendis, þeim seinni í vil, en þessi munur er mun meiri meðal eldri árganganna en þeirra yngri. Þarna munar mestu um auknar líkur á því að Íslendingar sem fæddir eru hér á landi ljúki námi en áður. Líklegt verður að teljast að þessi nokkuð þversagnarkenndi munur á milli Íslendinga eftir því hvort þeir fæðast hér eða erlendis megi skýra með því að menntunarstaða foreldra þeirra einstaklinga sem fæðast erlendis sé hærrí en meðal þeirra sem fæddir eru hér á landi enda er algengt að Íslendingar afli sér háskólamenntunar erlendis.

Sé litið til einstaklinga með erlendan bakgrunn sést að líkurnar á því að fólk sem fætt er hér á landi ljúki námi á framhaldsskólastigi aukast á milli eldri og yngri fæðingaráganganna. Við getum reyndar dregið litlar ályktanir af þróuninni hjá annarri kynslóð innflytjenda vegna þess hve fáir þeir voru í eldri árgöngunum. Sláandi lítil breyting hefur orðið milli fæðingaráganganna á líkum þess að fólk með erlendan bakgrunn sem fætt er erlendis ljúki námi. Þannig greinum við litla breytingu á hluti „early school leavers“ milli eldri og yngri fæðingaráganganna. Þetta er áhugavert í ljósi þess hve skólasókn í hópi innflytjenda jókst mikið milli þýðanna tveggja (sjá *Töflu 4*). Verst er staðan meðal

karla í hópi innflytjenda en yfir helmingur þeirra er ekki í námi og hefur ekki lokið námi við 22 ára aldur. Í öllum hópum eru konur líklegri til að ljúka prófi úr framhaldsskóla en karlar.

Tafla 5. Hlutfall innflytjenda og einstaklinga með blandaðan bakgrunn sem hafa lokið prófi eða eru í námi 22 ára búsettir á Íslandi 16 ára, 12 ára og 6 ára. Fæðingarárgangar 1995–98

	Búsett á Íslandi 16 ára		Búsett á Íslandi 12 ára		Búsett á Íslandi 6 ára	
	Kk %	Kvk %	Kk%	Kvk %	Kk%	Kvk%
Enginn erlendur bakgrunnur	70,4	83,3	70,5	83,1	70,4	83,1
Innflytjandi	43,0	58,9	50,3	66,3	73,9	81,9
Fædd erl. annað for. erl.	56,8	70,9	59,6	71,4	68,5	75,0

Heimild: Hagstofa Íslands, 2021c

Sú staðreynd að staða fólks með erlendan bakgrunn er nú mun hagstæðari sé það fætt á Íslandi en erlendis vekur spurningar um það hvort aldur við flutning til landsins hafi áhrif á líkur þess að fólk ljúki námi á framhaldsskólastigi. Í *Töflu 5* er birt yfirlit yfir þá sem lokið höfðu prófi 22 ára eða voru enn við nám eftir bakgrunni og komuári. Þetta er einvörðungu gert fyrir yngri fæðingarárgangana (1995–98). Athygli er beint að stöðu fólks með erlendan bakgrunn og það borið saman við þau sem hafa engan erlendan bakgrunn og eru fædd á Íslandi.

Taflan gefur til kynna að komuár til landsins hafi veruleg áhrif á líkur þess að fólk ljúki prófi á framhaldsskólastigi og því fyrr því betra. Þeir innflytjendur sem eru hér á landi við upphaf grunnskóla eru þannig nokkurn vegin jafnlíkleg til að ljúka námi og íslenskir jafnaldrar þeirra. Áhugavert er meðal karla í hópi innflytjenda og búa hér þegar þeir eru 6 ára eru líklegri til að ljúka eða vera í námi 22 ára (73,9%) en þeir sem hafa engan erlendan bakgrunn (70,4%). Líkt og sjá má í fyrri yfirlitum hafði herra hlutfall kvenna en karla með innflytjendabakgrunn lokið eða verið við nám 22 ára. Aldur við flutning til Íslands skipti einnig máli fyrir þá sem voru fæddir erlendis og áttu annað foreldri erlent þó að munurinn hafi ekki verið jafn sláandi hjá þeim hópi.

Lokaorð

Jón Torfi Jónasson hefur á ferli sínum dregið fram hið lítt öfundsverða hlutskipti íslenskra framhaldsskólanema sem birtist í háu brotthvarfi þeirra frá námi. Í þessari rannsókn er sjónum beint að skólasókn og kannaðar líkur á því að nemendur hefji nám að loknum grunnskóla og er þeim svo fylgt til 22 ára aldurs. Bornir eru saman þeir fjórir árgangar sem luku grunnskóla við upphaf aldarinnar (fæðingarárgangar 1985–88) og svo aðrir fjórir tíu árum síðar (1995–98). Áhersla er lögð á að skoða framhaldsskólasókn eftir uppruna nemenda, þ.e. hvort þeir hafa innlendan eða alþjóðlegan bakgrunn. Rannsóknin leiðir í ljós að almennt séð hefur brotthvarf minnkað hér á landi líkt og úttektir Hagstofu Íslands (sjá t.d. 2020a, 2021a) bera með sér. Fleiri ungmenni í yngri fæðingarágöngunum en þeim eldri hefja þannig nám í framhaldsskóla og fleiri ljúka því fyrir 22 ára aldur. Þegar litið er til uppruna nemenda er hins vegar mikill munur á milli hinna ólíku hópa hvort sem litið er til eldri eða yngri árganganna.

Svipmót íslensks samfélags hefur tekið miklum breytingum frá því um aldamótin 2000 og er nú mun alþjóðlegri en það var þá. Eftir því sem fleiri innflytjendur taka sér fasta búsetu hér á landi og börn þeirra skila sér inn í skólana breytist aldurssamsetning nemendahópsins. Þess sér nú þegar merki en verulegur munur er á hlut innflytjenda milli eldri og yngri fæðingaráganganna sem hér eru til athugunar en hlutur þeirra er 1,5% í eldri árgöngunum, samanborið við 4,4% í þeim yngri. En þótt innflytjendur hafi verið hlutfallslega fremur fáir í hópi ungmenna hér á landi eru þeir sem hafa einhvers konar alþjóðlegan bakgrunn mun fleiri. Þannig flytjast Íslendingar í mun meira mæli tímabundið til útlanda heldur en fólk annars staðar á Norðurlöndum og hafa því mörg íslensk ungmenni reynslu af því að búa erlendis um lengri eða skemmri tíma, auk þess sem mörg ungmenni eiga eitt erlent foreldri. Í öllum þeim hópum sem hafa alþjóðlegan bakgrunn hefur fjölgað á því tímabili sem hér er til umfjöllunar. Þar er ekki vísað til Íslendinga sem fæddir eru í útlöndum en þeim hefur fækkað lítilla.

Samantekt Evrópuhagstofunnar (Eurostat, 2021) sýnir að innflytjendur í löndum Evrópusambandsins eru mun líklegri til að hverfa frá námi en þau ungmenni sem fædd eru þar. Hér er Ísland engin undantekning. Brotthvarf innflytjenda og ungmenna með blandaðan bakgrunn er þannig mun meira en meðal jafnaldra þeirra sem ekki hafa erlendan bakgrunn. Það er þó áhugavert að staða þeirra hefur batnað talsvert frá aldamótunum. Þetta á þó einkum við þau ungmenni með erlendan bakgrunn sem fædd eru á Íslandi eða bjuggu hér við upphaf grunnskóla. Hin sem fluttust hingað á unglingsaldri eiga enn erfitt uppdráttar og lítill munur á milli eldri og yngri fæðingarárganganna sem hér eru til skoðunar. Reyndar eru ungmennin í yngri fæðingarágöngunum líklegri til að hefja nám í framhaldsskólum og brotthvarf framan af minna en í þeim eldri. Hverfandi munur er hins vegar milli fæðingarárganganna á hlut þeirra sem hafa horfið frá námi án þess að ljúka prófi. Hlutfall þessara svokölluðu „early school leavers“ er yfir 50% meðal karla í hópi innflytjenda bæði í eldri og yngri hópnum og um 40% meðal kvenna.

Þegar litið er til Íslendinga eru hér til skoðunar tveir hópar. Annars vegar þau ungmenni sem fædd eru hér á landi en hins vegar þau sem fædd eru erlendis (en þar sem bæði foreldri eru íslensk líkt og í hinum hópnum). Áður hefur verið bent á það að skólasókn hjá Íslendingum sem fæddir eru erlendis er meiri en meðal jafnaldra þeirra sem fædd eru hér á landi (sbr. eldri fæðingarárgangarnir). Mynstrið er nokkuð breytt í yngri fæðingarágöngunum. Þannig er jafnlílegt að þessir tveir hópar hefji nám í framhaldsskóla, en þegar líður á framhaldsskólagönguna má sjá að íslensk ungmenni sem fædd eru hér á landi eru líklegri til að hverfa frá námi án þess að ljúka prófi en íslenskir jafnaldrar þeirra sem fædd eru erlendis.

Ánægjulegt verður að telja að þegar tekið er tillit til lengdar búsetu hér á landi meðal ungmenna af erlendum uppruna kemur í ljós að framhaldsskólasókn þeirra sem hafa búið hér frá upphafi grunnskóla er áþekkt og meðal íslenskra jafnaldra þeirra. Þessir einstaklingar hafa að líkindum notið samfelldrar skólagöngu í íslensku skólakerfi, tengst skólafélögum og myndað félagstengsl sem hefur mikla þýðingu fyrir námsframvindu (Eyrún María Rúnarsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson, 2015; Hermína Gunnþórsdóttir og Lilja Rós Aradóttir, 2021). Í hópi stráka er framhaldsskólasókn nokkru meiri meðal innflytjenda en íslenskra jafnaldra þeirra. Hið mikla brotthvarf karla frá námi er áberandi í báðum hópnum sem hér eru til athugunar og er sláandi. Ástæða er til að greina betur ástæður þess að strákar hverfa frekar frá námi en stelpur og að bregðast við þeirri stöðu.

Líkt og víða í löndum í kringum okkur standa innflytjendur að jafnaði lakar að vígi í efnahagslegu tilliti en meirihlutinn (Hagstofa Íslands, 2019; OECD, 2019). Í skýrslu Menntamálastofnunar nefna innflytjendur helst að ástæða þess að þeir hætta í námi sé að þeir vilji fara að vinna (Þóra Þórðardóttir, 2020). Vert er að beina athygli að menntunarmöguleikum einstaklinga af erlendum uppruna eftir félags- og efnahagsstöðu og menntunar- eða atvinnustöðu foreldra. Hér hefur ekki verið tekið tillit til þessara þátta og heldur ekki hvort munur er á frammistöðu innflytjenda og barna innflytjenda eftir því frá hvaða löndum þau koma. Svör við þessum spurningum bíða betri tíma en athugun okkar gefur ótvírætt til kynna að brýn þörf er fyrir rannsóknir á frammistöðu ungmenna af erlendum uppruna í íslenskum framhaldsskólum.

International background, school attendance and early school leavers in Icelandic upper secondary schools 2001–2021

Reducing early school leaving has been one of the main priorities of European states in the field of education in recent years. The proportion of early school leavers has been higher in Iceland than among its Nordic neighbours and only a few European countries have higher drop-out rates than Iceland. Icelandic education authorities defined two principal goals in 2014, in which one was for 60% of upper secondary students to graduate on time by the year 2018. At the time, 44% reached this level. This study investigates upper secondary school attendance in two cohorts, one born between 1985–88, the other ten years later (1995–98). Our dataset includes all individuals in those cohorts who lived in Iceland the year they completed elementary school, i.e., the year they turned 16. The focus is on gender and ethnic background.

When the first cohort started school, important changes in international migration patterns in Iceland were taking place. Iceland became part of the European Economic Area in the early 1990s which eventually changed the profile of the immigrant population. Until the late 1990s, however, immigrants were few in Iceland, but this changed with the economic boom in the first decade of a new century accompanied by a growing demand for workers, in particular in the construction sector. The economic recession, starting in 2008, had only little and temporary negative impact on the proportion of immigrant population in Iceland and in 2021 15.5% of Iceland's population were immigrants as compared to 3.6% in 2001.

The relatively recent transformation of Icelandic society into an immigrant country can be seen when looking at the age structure of the immigrant population. Currently, almost one out of three inhabitants in their late 20s and early 30s are immigrants, whereas immigrants only account for 6.9% of the population in the age group 15–19 years (compared to 1.7 % in 2001). As for second generation immigrants, the share is even lower. In the study we also focus on other groups with international backgrounds, i.e., students of mixed background but also students with an Icelandic background who were born abroad (both parents born in Iceland).

In line with recent studies on school attendance, our study shows that overall, school enrolment rates increase between our two cohorts. This is the case with all ethnic groups in the study and for both genders. However, drop-out rates among males are considerably higher than among females. In the first cohort, the group born abroad with an Icelandic background stands out with the highest school attendance rates and lowest share of early school leavers in all groups. In the second cohort this difference is reduced as school enrolment has increased in the Icelandic born group. Still, however, the share of early school leavers is higher in this group than among its Icelandic peers born abroad.

In both cohorts, dropout among immigrants and other students with an international background is higher than among those with an Icelandic background. In the case of students with an international background who are born in Iceland, the difference is, however, largely reduced between the two cohorts and in this group school attendance is close to school attendance of students with Icelandic background. In the case of immigrants, the age at arrival in Iceland strongly affects the dropout rates. Thus, those immigrants who lived in Iceland already at the age of six were equally likely to complete upper secondary school as their Icelandic peers. Overall, dropout rates among immigrants were high in both cohorts, especially as regards males. More than 50% of all immigrant males in both cohorts thus belonged to the group of early school leavers (58.2% in the first cohort and 52.8% in the second cohort). Our study strongly indicates that there is need for more research into the situation of youths with a foreign background in Icelandic schools.

Key words: School attendance, drop-out, early school leavers, international background

Um höfunda

Ólöf Garðarsdóttir (olofgard@hi.is) er prófessor í félagssögu og forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar eru á sviði barnæsku, fræðslumála, lýðfræði og fjölskyldusögu. Hún lauk doktorsgráðu frá háskólanum í Umeå árið 2002.

Eyrún María Rúnarsdóttir (emr@hi.is) er lektor í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar beinast að börnum og unglingum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, líðan þeirra, vinatengslum og félagslegum stuðningi frá vinum og foreldrum. Eyrún lauk BA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði árið 1996 og meistarafráðu í sömu grein árið 2002 frá Háskóla Íslands. Þá lauk hún doktorsgráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2019.

Guðjón Hauksson er sérfræðingur á Félagsmálasviði Hagstofu Íslands og sýslar hann við mannfjöldatölfræði þar. Guðjón lauk BA-gráðu í félagsfræði árið 2002 frá Háskóla Íslands.

About the author

Ólöf Garðarsdóttir is Professor in social history and Dean of the School of Humanities, University of Iceland. Her research interests include history of childhood and education, family history and demography. She holds a ph.D degree in history from the University of Umeå, Sweden.

Eyrún María Rúnarsdóttir (emr@hi.is) is an assistant professor of education studies at the School of Education, University of Iceland. Her research is focused on children and adolescents of diverse linguistic and cultural backgrounds, their social relationships and well-being in relation to their sociodemographic background and social support. Eyrún completed a bachelor's degree in education studies in 1996 and a master's degree in the same subject in 2002 from the University of Iceland. She completed her PhD degree from the School of Education in 2019.

Guðjón Hauksson is an expert in the Department of Social Affairs at Statistics Iceland and there he handles population statistics. Guðjón completed his bachelor's degree in sociology in 2002 from the University of Iceland.

Heimildir

- Castles, S. (2006). Guestworkers in Europe: A resurrection? *International Migration Review*, 40(4), 741–766. <https://doi.org/10.1111/j.1747-7379.2006.00042.x>
- Eurostat. (2021, júní). *Migrant integration statistics - education*. https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Migrant_integration_statistics_-_education
- Eurostat. (2022, maí). *Early leavers from education and training*. https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Early_leavers_from_education_and_training#Overview
- Eyrún María Rúnarsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson (2015). Ethnic differences in youth well-being: The role of sociodemographic background and social support. *Scandinavian Journal of Public Health*, 43(6), 580-587. <https://doi:10.1177/1403494815588644>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf af framhaldsskólástigi eftir bakgrunni 1995–2019*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__1_fsProf/SKO03224.px
- Hagstofa Íslands. (2019). Félagsvísar: Sérhefti um innflytjendur. *Hagtiðindi*, 104(2), 1–54. <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/901e98bb-a182-4dc1-9059-261b7bea719b.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2020a, 14. apríl). *Nýnemar á framhaldsskólástigi sem eiga háskólamenntaða foreldra eru líklegri til að útskrifast*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/nynemar-a-framhaldsskolastigi-sem-eiga-haskolamenntada-foreldra-eru-liklegri-til-ad-utskrifast/>
- Hagstofa Íslands. (2020b, 26. október). *Ungir innflytjendur líklegri til að útskrifast en þeir sem eldri eru*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/brautskraningarhlutfall-og-brotthvarf-af-framhaldsskolastigi-2019/>
- Hagstofa Íslands. (2021a, 19. október). *Innflytjendur 15,5% íbúa landsins*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efir-bakgrunni-1-januar-2021/>
- Hagstofa Íslands. (2021b). Sérkeyrsla á grundvelli gagnagrunns um mannfjölda (Deild atvinnu, lífskjara og mannfjölda) og prófaskrár og nemendaskrár (Deild launa, tekna og menntunar).
- Heiður Hrund Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2022). The choice of track matters: Academic self-concept and sense of purpose in vocational and academic tracks. *Scandinavian Journal of Educational Research*. <https://doi.org/10.1080/00313831.2022.2042843>
- Hermína Gunnþórsdóttir og Lilja Rós Aradóttir. (2021). Þegar enginn er á móti er erfitt að veða salt: Reynsla nemenda af erlendum uppruna af íslenskum grunnskóla. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 30(1), 51–70. <https://doi.org/10.24270/tuom.2021.30.3>

- Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2013). Líðan, félagsleg tengsl og þátttaka nemenda í 5.–7. bekk grunnskóla í frístundastarfi: Samanburður á svörum barna eftir móðurmáli töluðu heima. *Timarit um menntarannsóknir*, 10(1), 123–140. <https://timarit.is/page/6689508#page/n124/mode/2up>
- Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson. (2022). Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. *Velferðarvaktin*. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sk%C3%BDsla%20-%20brotthvarf%20%C3%BAr%20framhaldssk%C3%B3lum%2024.01.2022.pdf>
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónsson. (2003). Brottfall úr framhaldsskóla: Afstaða til skóla, stuðningur foreldra og bakgrunnur nemenda. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 669–678). Háskólaútgáfan.
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónsson og Anne-Christin Tannhäuser. (2011). Dropout in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í S. Lambs (ritstjóri), *School dropout and completion: International comparative studies in theory and policy* (bls. 233–251). *Springer Science+Business Media*. https://doi.org/10.1007/978-90-481-9763-7_13
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf
- OECD. (2012). *Untapped skills: Realising the potential of immigrant students*. <https://doi.org/10.1787/19963777>
- OECD. (2019). *PISA 2018 results (volume II): Where all students can succeed*. <https://doi.org/10.1787/b5fd1b8f-en>
- Oltmer, J. (2012). Einführung: Migrationsverhältnisse und Migrationsregime nach dem Zweiten Weltkrieg. Í J. Oltmer, A. Kreienbrink og C. S. Díaz (ritstjórar), *Das Gastarbeiter-System: Arbeitsmigration und ihre Folgen in der Bundesrepublik Deutschland und Westeuropa* (bls. 9–21). Oldenbourg Wissenschaftsverlag.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2012). Fólksflutningar til og frá Íslandi 1961–2011 með áherslu á flutninga á samdráttarskeiðum. *Velferðarráðuneytið*. https://www.stjornarradid.is/media/velferðarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur2012/Folksflutningar_03042012.pdf
- Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson og Helga Katrín Tryggvadóttir. (2009). Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008. *Hagtiðindi*, 95(4), 1–24.
- Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson. (2011). Ungir innflytjendur og aðrir einstaklingar með erlendan bakgrunn í íslensku samfélagi og íslenskum skólum 1996–2011. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. <https://netla.hi.is/serrit/2011/menntakvika2011/020.pdf>
- Ólöf Garðarsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson og Shuttleworth, I. (2021). Is internal migration declining in Iceland? Intensities, geographical patterns and population composition 1986–2017. *Population, Space and Time*, 27(7), e2339. <https://doi.org/10.1002/psp.2339>
- Ómar Harðarson. (2010). *Athugun á búferlaflutningum til og frá Íslandi 1961–2009*. Hagstofa Íslands. hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/4cd6f784-f669-4062-998a-1b31101dfe3b.pdf
- Steinert, J. D. (2014). Migration and migration policy: West Germany and the recruitment of foreign labour, 1945–61. *Journal of Contemporary History*, 49(1), 9–27. <https://doi.org/10.1177/0022009413505661>
- Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir. (2016). The tourist and the migrant worker: Different perceptions of mobility in Iceland. Í Dorothea Rancew-Sikora og Unnur Dís Skaptadóttir (ritstjórar), *Mobility to the edges of Europe: The case of Iceland and Poland* (bls. 17–37). Scholar.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Ólöf Garðarsdóttir. (2020). Becoming an immigrant country: The case of Iceland. Í Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson (ritstjórar), *Mobility and transnational Iceland: Current transformations and global entanglements* (bls. 23–38). Háskólaútgáfan.
- Pingskjal nr. 1491/2019–2020. Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra um árangur og áhrif þess að námstími til stúdentsprófs var stytur úr fjórum árum í þrjú ár, samkvæmt beiðni.
- Þóra Þórðardóttir. (2020). *Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum: Lokaskýrsla*. Menntamálastofnun.

